


# STARFSÁRIÐ 2007



# Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

## Ársskýrsla 2007



Útgefandi: Heilbrigðisstofnun Suðurnesja  
 Ritstjórn, hönnun og umbrot: G. Auður Harðardóttir  
 Ljósmyndir: G. Auður Harðardóttir  
 Prentun: Grágás

---

# Lykiltölur úr starfsemi

## Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

### Á árinu 2007

- var íbúafjöldi á þjónustusvæði heilbrigðisstofnunarinnar rúmlega 20.000
- voru innlagnir á sjúkrahúsið tæplega 2.300
- voru legudagar á sjúkrahúsinu tæplega 20.000
- var meðalnýting lyf- og handlækningadeildar tæplega 95%
- voru að meðaltali 6 innlagnir á sjúkrahúsið á hverjum degi (Víðihlíð ekki meðtalin)
- voru komur á göngudeildir sérfræðinga sjúkrahússins rúmlega 8.000
- voru komur á göngudeildir til hjúkrunarfræðinga/ljósmæðra sjúkrahússins tæplega 3.000
- fóru tæplega 1.000 einstaklingar í skurðaðgerðir á sjúkrahúsinu
- var heildarfjöldi viðtala á heilsugæslustöð rúmlega 64.000
- var heildarfjöldi vitjana í heilsugæslu tæplega 17.000
- var fjöldi skráðra símtala í heilsugæslu rúmlega 21.000
- voru komur í sykursýkismóttöku tæplega 1.000
- var fjöldi samskipta á slysa- og bráðamóttöku á dagvinnutíma tæplega 8.500
- var heildarfjöldi slysa sem sinnt var á stofnuninn tæplega 4.000
- voru tæplega 3.000 komur í mæðravernd
- fæddust 248 börn á fæðingadeildinni
- var fjöldi vitjana heimahjúkrunar til skjólstæðinga rúmlega 15.000
- var lyfjakostnaður rúmlega 23 milljónir eða 1% hækkun frá árinu 2006
- voru framkvæmdar rúmlega 90.000 blóð- og þvagrannsóknir
- var heildarfjöldi rannsóknæininga tæplega 600.000
- voru framkvæmdar tæplega 6.000 röntgenrannsóknir og ómskoðanir
- var heildarkostnaður við sjúkraflutninga um 16 milljónir
- voru tæplega 400 starfsmenn á launaskrá í tæplega 200 stöðugildum (258 starfsmenn fastráðnir að meðaltali)

---

# Efnisyfirlit

Lykiltölur úr starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja .....	3
Stjórn og stjórnendur .....	7
Framkvæmdastjórn .....	7
Forstöðumenn deilda .....	7
Framkvæmdastjórn .....	9
Sjúkrahús .....	11
Heildaryfirlit yfir starfsemi legudeilda .....	11
Móttaka sérfræðinga .....	13
D-deild .....	14
Lyflækninga- og handlækningadeild .....	14
F-deild Fæðinga- og kvensjúkdómadeild .....	17
A-deild 5- daga deild .....	20
B-deild Dag- og göngudeild .....	22
Víðihlið hjúkrunardeild .....	23
Skurðstofur .....	25
Svæfingadeild .....	27
Rannsóknadeild .....	28
Röntgendeild .....	30
Sjúkrþjálfun .....	31
Lyfjanefnd .....	33
Heilsugæsla .....	34
Heilsugæslustöðin í Reykjanesbæ .....	35
Mæðravernd .....	41
Ung- og smábarnavernd .....	43
Skólaheilsugæsla .....	44
Heimahjúkrun .....	45
Slysa- og bráðamóttaka .....	47
Geð- og sálfélagsleg aðstoð .....	49
Heilsugæslustöðin í Grindavík .....	50
Mæðravernd Grindavík .....	52
Ung- og smábarnavernd .....	53
Grindavík .....	53
Skólaheilsugæsla .....	53
Grindavík .....	53
Heimahjúkrun .....	56
Grindavík .....	56
Starfsmannahald .....	57
Ársreikningur 2007 .....	60

---

# Myndayfirlit

Heildarfjöldi innlagna á HSS-samanburður 2003-2007 .....	11
Heildarfjöldi legudaga á HSS-samanburður 2003-2007 .....	12
Hlutfallsleg skipting innlagna eftir sérgreinum árið 2007 .....	12
Heildarfjöldi einstaklinga í skurðaðgerð-samanburður 2004-2007 .....	12
Heildarfjöldi innlagna á D-deild árin 2004-2007 .....	14
Heildarfjöldi legudaga á D-deild árin 2004-2007 .....	15
Skipting innlagna 2004-2007 .....	16
Lyfjakostnaður milli ára á D-deild .....	16
Heildarfjöldi innlagna á F-deild 2005-2007 .....	17
Heildarfjöldi legudaga á F-deild 2005-2006 .....	17
Heildarfjöldi fæðinga eftir mánuðum 2004-2007 .....	18
Fjöldi koma á göngudeild F-deildar 2004-2007 .....	18
Fjöldi innlagna á A-deild-samanburður 2005-2007 .....	20
Fjöldi legudaga á A-deild-samanburður 2005-2007 .....	21
Fjöldi koma á dag- og göngudeild 2006-2007 .....	22
Ástæður komu á dag- og göngudeild-samanb. 2006 (gult) og 2007 (blátt) ..	23
RAI-mat, samanburður árið 2007 Víðihlið/allt landið .....	23
Heildarfjöldi innlagna í Víðihlið-samanburður 2004-2007 .....	24
Heildarfjöldi legudaga í Víðihlið-samanburður 2005-2007 .....	24
Heildarfjöldi einstaklinga í skurðaðgerð 2004-2007 .....	25
Samanburður á dreifingu aðgerðartegunda á milli sérgreina 2005-2007 .....	26
Heildarfjöldi speglana eftir tegund 2005-2007 .....	26
Hlutfallsleg skipting kviðarholsspeglana árin 2006-2007 .....	26
Samanburður á heildarfjöldi svæfinga og deyfinga 2003-2007 .....	27
Hlutfall deyfingategunda árið 2007 .....	27
Heildarfjöldi rannsókna og rannsóknæininga 2005-2007 .....	28
Samanburður á fjölda algengra blóðrannsókna 2005-2007 .....	28
Samanburður á fjölda skjólstæðinga ferli/inniliggjandi 2005-2007 .....	29
Samanburður á fjölda sendra rannsóknasýna 2005-2007 .....	29
Sundurliðun á sendum sýnum árin 2006-2007 .....	29
Heildarfjöldi skjólstæðinga og rannsókna 2004-2007 .....	30
Fjöldi ómskoðana framkvæmdar á HSS 2005-2007 .....	30
Hlutfallsleg skipting á fjölda meðferða á milli deilda árin 2006-2007 .....	31
Heildarfjöldi meðferða og tímaeininga inniliggjandi sjúklinga 2004-2007 ..	32
Heildarfjöldi nýrra meðferðabeiðna inniliggjandi sjúklinga 2005-2007 .....	32
Heildarfjöldi áreynsluprófa árin 2005-2007 .....	32
Lyfjakostnaður HSS-samanburður 2004-2007 .....	33
Yfirlit samskipta á heilsugæslu HSS-samanburður 2005-2007 .....	35
Yfirlit samskipta á heilsugæslu í Rnb. og Selum- samanburður 2005-2007 ..	36
Fjöldi koma á læknavakt utan dagvinnu 2005-2007 .....	36
Móttaka hjúkrunarfræðinga-fjöldi viðtala 2005-2007 .....	37
Fjöldi öndunarprófa (Spirometriu) árin 2004-2007 .....	37
Ónæmisaðgerðir-samanburður 2004-2007 .....	38
Fjöldi ónæmisaðgerða tengdar utanlandsferðum 2004-2007 .....	38
Göngudeild sykursjúkra-samanburður 2003-2007 .....	39
Göngudeild sykursjúkra-fjöldi samskipta eftir aldri .....	40

Göngudeild sykursjúkra-fjöldi samskipta kvenna eftir aldri .....	40
Göngudeild sykursjúkra-fjöldi samskipta karla eftir aldri .....	40
Heildarfjöldi koma í mæðravernd 2004-2007.....	41
Aldursskipting kvenna í mæðravernd árið 2007 .....	41
Hlutfall þjónustu mæðraverndar árið 2007 .....	42
Skimum leghálskrabbameins-fjöldi skoðana 2003-2007.....	42
Samanburður á þjónustu ungbarnaverndar 2005-2007 .....	43
Fjöldi vitjana í heimahjúkrun eftir aldri-samanburður 2004-2007 .....	46
Hlutfall vitjana eftir aldri í heimahjúkrun árin 2006-2007 .....	47
Heildarfjöldi samskipta á dagvinnutíma 2004-2007 .....	48
Helstu samskipti (ekki öll) á dagvinnutíma 2005-2007 .....	48
Heildarfjöldi slysa árin 2005-2007 .....	48
Yfirlit samskipta í heilsugæslu í Grindavík árin 2005-2007 .....	51
Móttaka hjúkrunarfræðinga í Grindavík-samanburður 2005-2007.....	51
Grindavík-heildarfjöldi samskipta í mæðravernd 2005-2007.....	52
Ungbarnavernd-samanburður árin 2004-2007.....	53
Skólaheilsugæsla í Grunnskóla Grindavíkur .....	54
Algengasti slysa valdur í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2007-2008 .....	54
Algengustu áverkar vegna slysa í Grunnskóla Grindavíkur.....	55
Algengustu meðferðarúrræði v/ slysa í Grsk. Grv. skólaárið 2007/2008 ....	55
Samanburður á samskiptum í heimahjúkrun í Grindavík árin 2006/2007 ....	56
Samanburður á samskiptum í heimahjúkrun í Grindavík árin 2006/2007 ....	56
Hlutfall greiddrar dagvinnu ársverka starfsm. eftir stéttarf. árið 2007.....	58
Hlutfallsleg skipting gjalda árið 2007 .....	62

## Töfluyfirlit

Heildarfjöldi einstakling í skurðaðgerð-samanb. 2004-2007 .....	11
Meðalfjöldi innlagna á dag ALLA DAGA vikunnar á D-deild árin 2004-2007 .	15
Lyflækningar/Handlækningar á D-deild 2004-2007.....	15
Upplýsingar tengdar fæðingum árin 2004-2007 .....	19
Samanburður sérgreina á A-deild árið 2006.....	21
Samanburður sérgreina á A-deild árið 2007.....	21
Samanburður milli ára 2004-2007.....	24
Íbúafjöldi á Suðurnesjum 1. desember 2007.....	34
Íbúafjöldi á Suðurnesjum 1. desember 2006.....	34
Komur, skoðanir og fj. vitjana í ungbarnavernd-samanburður 2005-2007...	44
Regluleg umsjón skólahjúkrunarfræðings .....	45
Stöðugildi í heimahjúkrun .....	45
Íbúafjöldi í Grindavík 1. desember 2007 .....	50
Íbúafjöldi í Grindavík 1. desember 2006 .....	50
Greidd ársverk starfsmanna að meðaltali á mán. e/ stéttarf. 2006 og 2007	57
Starfsmannavelta árið 2007.....	59
Starfsmannavelta árið 2006.....	59



# Stjórn og stjórnendur

## Framkvæmdastjórn

### Forstjóri

Drífa Sigfúsdóttir settur forstjóri til 15. okt.  
Sigríður Snæbjörnsdóttir úr leyfi þann 16. okt.

### Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Hildur Helgadóttir til 31. Ágúst

### Framkvæmdastjóri lækninga

Þórunn Benediktsdóttir frá 1. September

### Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar

Konráð A. Lúðvíksson

Elís Reynarsson

## Forstöðumenn deilda

### Lyflækninga- og skurðlækningadeild

Bryndís Sævarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri  
Árni Leifsson yfirlæknir handlækningadeildar  
Sigurður Þór Sigurðarson yfirlæknir  
lyflækningadeildar

### Fæðinga- og kvensjúkdómadeild

Guðrún Guðbjartsdóttir og  
Anna Rut Sverrisdóttir  
yfirljósmæður  
Konráð A. Lúðvíksson yfirlæknir

### Dag- og endurhæfingadeildir

Þórunn Einarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri  
til 14. ágúst  
Rósa Víkingsdóttir hjúkrunardeildarstjóri  
Frá 15. ágúst  
Sigurður Þór Sigurðarson yfirlæknir

### Víðihlið hjúkrunardeild

Edda Bára Sigurbjörnsdóttir  
yfirhjúkrunarfræðingur  
Sigurður Árnason yfirlæknir

### Skurð- og svæfingadeild

Ásdís Johnsen  
hjúkrunardeildarstjóri skurðeildar  
Rut Þorsteinsdóttir  
hjúkrunardeildarstjóri svæfingadeildar  
Árni Leifsson yfirlæknir

### Sóttthreinsunardeild

Ásdís Johnsen hjúkrunardeildarstjóri

### Rannsóknarstofa

Sigurlaug N. Þráinsdóttir yfirlífeindafræðingur

### Röntgendeild

Stella María Thorarensen yfirgeislafræðingur

### Lyfjabúr

Svavar Jóhannesson lyfjafræðingur

### Kennsla, þróun og vísindi

Sigurður Árnason yfirlæknir

### Læknaritarar

Ásdís M. Sigurðardóttir deildarstjóri

### Afgreiðsla og móttaka

Ástríður Sigþórsdóttir deildarstjóri

### Sjúkraþjálfun

Sara Guðmundsdóttir yfirsjúkraþjálfari

### Iðjuþjálfun

Berglind Bára Bjarnadóttir yfiriðjuþjálfari

### Eldhús

Sigríður Magnúsdóttir yfirmaður eldhúss í  
Reykjanesbæ  
Dagný Jónasdóttir yfirmaður býtibúrs  
Sigrún Sigurgeirsdóttir yfirmaður  
eldhúss/býtibúrs í Víðihlið í Grindavík

### Ræsting

Margrét Valdimarsdóttir ræstingarstjóri

---

**Innkaupadeild**

Kristjana Bergsteinsdóttir innkaupastjóri

**Starfsmannastjóri**

Bjarnfríður Bjarnadóttir

**Tölvu- og upplýsingatæknideild**

Agnar Guðmundsson forstöðumaður

**Heilbrigðisölfraeði og gæðamál**

Guðrún Auður Harðardóttir forstöðumaður

**Eignir og viðhald**

Hermann F. Ólason deildarstjóri

**Heilsugæslustöð Reykjanesbæ, Garði,  
Sandgerði og Vogum**

Sigrún Ólafsdóttir

yfirhjúkrunarfræðingur

Sigurjón Kristinsson yfirlæknir

**Slysa- og bráðamóttaka**

Íris Kristjánsdóttir hjúkrunardeildarstjóri

**Ungbarnavernd**

Sólveig Toffolo hjúkrunardeildarstjóri

til 31. maí

Ingibjörg Steindórsdóttir hjúkrunardeildarstjóri

frá 1. júní

**Mæðravernd**

Halldóra Kristinsdóttir yfirljósmóðir

**Skólahjúkrun**

Ingibjörg S. Steindórsdóttir

hjúkrunardeildarstjóri

**Heimahjúkrun**

Bryndís Guðbrandsdóttir hjúkrunardeildarstjóri

**Heilsugæslustöð Grindavík**

Sólveig Þórðardóttir yfirhjúkrunarfræðingur

Sigurjón Kristinsson yfirlæknir



---

## Framkvæmdastjórn



### Frá forstjóra

Á árinu 2007 tók við ný ríkisstjórn og skipt var um áhöfn í heilbrigðisráðuneytinu. Með nýju fólki koma nýjar áherslur og ný sjónarmið. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar í heilbrigðismálum segir m.a. að leggja skuli “stóraukna áherslu á forvarnir”, kostnaðargreina skuli heilbrigðisþjónustuna og “taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgir sjúklingum. Þannig fái heilbrigðisstofnanir fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka.” Einnig segir að skapa skuli svigrúm “til fjölbreytilegra rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu” og að tryggt verði “að allir hafi að henni jafnan aðgang”. Fyrirhugað er að bregðast hart við aukinni vímuefnavá. Allt eru þetta mikilvægar áherslur sem ber að fagna.

Mikil vinna hefur verið lögð í að marka öfluga framtíðarsýn fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS). Fyrir liggur “Framtíðaruppbygging, þróun og skipulag 2004-2010” HSS sem staðfest var 1. júní 2004 af þáverandi heilbrigðisráðherra, Jóni Kristjánssyni. Einnig liggur fyrir endurskoðuð framtíðarsýn fyrir HSS frá því í september 2006 þar sem nærþjónusta og fagmennska eru í

fyrirrúmi. Í þessum greinargerðum koma fram hugmyndir og skoðanir byggðar á þekkingu fjölda starfsfólks sem hefur lagt mikinn metnað í að gera HSS að stofnun sem þjónar sjúklingum og samfélagi af faglegum metnaði. Höfuðáhersla er lögð á að veita alla heilsugæslu og almenna sjúkrahúsþjónustu í heimabyggð.

Á þessu árabili hefur orðið mikil þróun á Suðurnesjum, íbúum hefur fjölgað um 20-25% og mikil uppbygging verið á flestum sviðum mannlífsins. Ekki má gleyma þeirri uppbyggingu sem orðið hefur á Vallarheiði við brotthvarf hersins. Þar búa nú nokkur þúsund manns og mun fjölga þar áfram. Þessi öra fólksfjölgun hefur sett sitt mark á HSS og eftirspurn eftir þjónustu hefur aukist enn meira en fyrirsjáanlegt var. Á “gamla vallarsvæðinu” eru ýmsar byggingar sem stjórnendur HSS hafa litið til og sjá ýmsa vaxtamöguleika í, m.a. í gamla sjúkrahúsinu og víðar. Beiðni liggur þar um hjá ráðuneytinu en engin afstaða liggur enn fyrir. Jafnljóst er að fjármunir eru takmarkaðir en þrátt fyrir það hefur tekist að byggja upp og efla nærþjónustu sem er samkeppnishæf við það sem best gerist á ýmsum sviðum.

Frá árinu 2003 hefur þjónusta á heilsgæslusviði aukist um 40%, innlögnum á sjúkrahússviði fjölgað um 106% og fjöldi legudaga hefur aukist um 34% svo dæmi séu nefnd. Aukningu á sjúkrahússviði má fyrst og fremst rekja til kröftugrar uppbyggingar í lyflækningum.

Ef horft er á fjármagn á íbúa sem fer í heilbrigðisþjónustu er ljóst að heilbrigðisumdæmi HSS er í fararbroddi á landsvísu þegar horft er til hversu vel fjármagn er nýtt, hvort sem litið er til

---

heildarfjármagns eða fjármagns sem fer í heilsugæslu. Kostnaður sem fer í heilbrigðisþjónustu á íbúa á Suðurnesjum er með því lægsta sem þekktist þrátt fyrir bæði umfangsmikla og vaxandi þjónustu. Að sjálfsögðu þarf að líta til fleiri þátta eins og umfangs svæðisins, hvaða starfsemi er veitt, almenna vakt- og slysaþjónustu, fjölda heilsugæslustöðva svo dæmi séu nefnd. Þeirri úttekt þarf HSS ekki að kvíða.

Í árslok 2007 er stutt í að nýjar og fullbúnar skurðstofur verði teknar í notkun á 3. hæð í D álmu. Í fjárlögum fyrir árið 2008 er einnig gert ráð fyrir að unnt verði að setja á samfelldar vaktir á skurðstofur, sem barist hefur verið fyrir til margra ára. Með tilkomu nýrra skurðstofa og stöðugum vöktum, lýkur ferli sem hefur verið beðið eftir lengi. Gert er því ráð fyrir að þá verði unnt að blása verulega nýju lífi í almennar skurðlækningar og fæðingahjálp á næstu mánuðum og árum.

Mörg mikilvæg mál eru þó enn óleyst sem HSS hefur alla burði til að takast betur á við í heimabyggð ef fjármunir væru fyrir hendi. Sálfélagsleg og geðræn vandamál þarfnast miklu meiri athygli en þau fá nú og sama má segja um næringartengd vandamál sem eru af mörgum álitin eitt mesta heilbrigðisvandamál framtíðarinnar. Í einungis þessum tveim verðugu en jafnframt vanmetnu málaflokkum er gífurlegt verkefni að vinna.

Heilbrigðisþjónustan er nú á ákveðnum tímamótum, nýir straumar liggja í loftinu, ný stefna hefur verið boðuð. Kostnaðargreina skal þjónustuna, fjármagn skal fylgja sjúklingum og bjóða skal upp á fjölbreyttari rekstrarform svo gripið sé niður í áður nefnda stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar. Þessar yfirlýsingar tákna að úthlutun fjárveitinga verði endurskoðuð á nýjum og sanngjörnum forsendum, því hljótum við að fagna. Við hljótum líka að fagna því að fá aukið svigrúm til ákvarðana um hvernig veita má þjónustu á sem hagkvæmastan og skynsamastan hátt. Of oft hafa stjórnendur lítið svigrúm til sjálfstæðra ákvarðana þrátt fyrir augljósa annmarka fyrir mæla “hins opinbera”.

Starfsfólk hvernar stofnunar er auður stofnunarinnar. Starfsfólki er gjarnan hampað á hátíðisdögum en allt of sjaldan er mögulegt að umbuna því á sanngjarnan hátt fyrir vel unnin störf. Á HSS vinnur afar samhentur hópur hæfs starfsfólks. Án þess væri engin þjónusta veitt. Ég vil að lokum þakka öllu því ágæta starfsfólki HSS sem hefur lagt sig fram við að sinna starfi sínu af mikill fagmennsku og metnaði oft við erfiðar aðstæður.


Sigríður Snæbjörnsdóttir  
forstjóri

## Sjúkrahús


Legudeild	Tegund deildar	Fjöldi legurúma
D-deild	Blönduð hand- og lyflækningadeild	23
A-deild	5 daga deild	16
F-deild	Fæðinga- og kvensjúkdómadeild	8
G-deild	Hjúkrunardeild í Grindavík	25
Alls		72

Tafla 1: Heildarfjöldi einstaklinga í skurðaðgerð - Samanburður 2004-2007: Heildarfjöldi legurúma á HSS árið 2007


## Heildaryfirlit yfir starfsemi legudeilda




\* ATH. Nýburar (247 börn) ekki meðtalin



Myndrit 2: Heildarfjöldi legudaga á HSS-samanburður 2003-2007



Myndrit 3: Hlutfallsleg skipting innlagna eftir sérgreinum árið 2007



Myndrit 4: Heildarfjöldi einstaklinga í skurðaðgerð -samanburður 2004-2007

**Heildarfjöldi koma til hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á dag- og göngudeildir sjúkrahússins**  
**Móttaka sérfræðinga ekki meðtalin**  
Alls 2.907 árið 2007  
Alls 2.583 árið 2006  
Alls 3.753 árið 2005

## Móttaka sérfræðinga

Umfangsmikil sérfræðipjónusta er til staðar innan veggja HSS. Bæði er um að ræða móttöku sjúklinga á stofu og starfsemi á skurðstofu og legudeildum.

**Eftirfarandi sérgreinar voru starfræktar við HSS árið 2007:**

Almennar skurðlækningar  
Almennar lyflækningar  
Augnlækningar  
Barnalækningar  
Bæklunarlækningar  
Háls-, nef-, og eyrnalækningar  
Hjartalækningar  
Innkirtlasjúkdómar  
Kvensjúkdómar og fæðingarhjálp  
Krabbameinslækningar  
Lungnalækningar  
Lýtalækningar  
Meltingarfæralækningar

**Komur í móttöku til sérfræðinga árið 2007**  
Almennar skurðlækningar  
Bæklunarlækningar  
Háls-, nef- og eyrnalækningar  
Alls 2.094

**Komur í móttöku til sérfræðinga árið 2007**  
Fæðingahjálpi  
Kvensjúkdómar  
Barnalækningar  
Alls 2.740

**Komur í móttöku til sérfræðinga árið 2007**  
Hjartalækningar  
Innkirtlasjúkdómar  
Krabbameinslækningar  
Lungnalækningar  
Meltingarfæralækningar  
Alls 3.179

**Komur í móttöku til sérfræðinga árið 2007**  
Alls 8.013

## D-deild

### Lyflækninga- og handlækningadeild

**Hjúkrunardeildarstjóri:** Bryndís Sævarsdóttir.  
**Yfirlæknir lyflækningadeildar:** Sigurður Þór Sigurðarson.  
**Yfirlæknir handlækningadeildar:** Árni Leifsson.

#### Starfsfólk:


Í ársbyrjun árið 2007 voru 11 hjúkrunarfræðingar við störf í 9,3 stöðugildum. Það er svipað og á fyrra ári, en hins vegar er það fækkun um 1,2 stöðugildi frá árinu 2005. Auk þess störfuðu tveir nemar í samtals 0,5 stöðugildum og hjúkrunarfræðingur frá Liðsinni (nú Heilsuverndarstöðin) í 1,5 stöðugildi. Sjúkraliðar voru 24 í samtals 16,4 stöðugildum, en það er fjölgun um tæplega 4 stöðugildi. Alls voru 6 hjúkrunarfræðingar (4,2 stöðugildi) í barnsburðarleyfi á árinu. Deildarritari starfaði í 1,0 stöðugildi.

Á deildinni störfuðu 3 sérfræðingar í lyflækningum (2 stöðugildi) og 3

sérfræðingar í skurðlækningum (1,9 stöðugildi). Lyflæknarnir hafa sérfræðiréttindi í lungna-, hjarta- og krabbameinslækningum og skurðlæknarnir í almennum skurðlækningum og bæklunar-skurðlækningum. Auk þess var einn deildarlæknir í fullu starfi. Í lok árs kom sérfræðingur í meltingar-sjúkdómum í 0,6 stöðu.

#### Starfsemi:

Deildin er blönduð lyflækninga- og skurðlækningadeild með 23 legurúm. Starfsemi deildarinnar hefur aldrei verið meiri. Á árinu voru alls 1.233 innlagnir, en að meðaltali voru 3 - 4 innlagnir daglega allt árið. Þetta er 18% aukning í innlögnum frá árinu 2006 og 160% aukning frá árinu 2003.




Myndrit 5: Heildarfjöldi innlagna á D-deild árin 2004-2007

**ATH: Meðalfjöldi innlagna á mánuði: 2007 = 103 og 2006 = 87**



	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt	Nóv.	Des.	Alls
2007	3	3	3	4	3	3	3	3	3	4	4	4	1.233
2006	4	3	3	3	3	2	2	3	3	3	3	3	1.043
2005	3	3	3	2	2	2	2	2	4	3	3	4	1.002
2004	2	3	3	3	2	2	2	2	3	2	3	3	855

Tafla 2: Meðalfjöldi innlagna á dag ALLA DAGA vikunnar á D-deild árin 2004-2007




Myndrit 6: Heildarfjöldi legudaga á D-deild árin 2004-2007

Rúmanýting var að meðaltali 94%, minnst í mars (81%) og mest í desember (104%). Meðallegudagafjöldi var 5,3 dagar í heild á deildinni. Hlutfall sjúklinga 67 ára og eldri var tæpla 50% af öllum innlögnum á deildina.

Sérgrein	Fjöldi innlagna	Meðalaldur sjúklinga	Meðallegudagafjöldi	Ár
Lyflækningar	921	64 ár	6,5	2007
Handlækningar	312	52 ár	5,0	
Lyflækningar	769	63 ár	5,8	2006
Handlækningar	273	54 ár	5,0	
Lyflækningar	726	63 ár	6,1	2005
Handlækningar	276	54 ár	5,1	
Lyflækningar	574	65 ár	9,1	2004
Handlækningar	281	51 ár	5,5	

Tafla 3: Lyflækningar/Handlækningar á D-deild 2004-2007


Meðalaldur sjúklinga á lyflækningasviði var 64 ár, en 52 ár á skurðlækningasviði. Fjölgun innlagna á lyflækningasviði var 20% á milli áráanna 2007 og 2006, en er 60% milli áráanna 2007 og 2004. Á handlækningasviði fjölgaði innlögnum um 14% á milli áráanna 2007 og 2006, sem er svipað og frá árinu 2004



Myndrit 7: Skipting innlagna 2004-2007

Til þess að tryggja gæði heilbrigðisþjónustunnar, öryggi sjúklinga og að kostnaður stofnunarinnar sé eins og best verður á kosið á hverjum tíma er m.a. sérstök lyfjanefnd starfandi sem endurskoðar lyfjalista stofnunarinnar reglulega. Lyfjakostnaður D-deildar jókst um 18% á milli áráanna 2007 og 2006, úr tæpum 9 milljónum í rúmlega

10 milljónir. Á sama tíma var 18% fjölgun í innlögnum á deildina frá fyrra ári. Undanfarin ár hafa mestu sveiflur í kostnaðinum verið í lok árs, en þá eykst einnig verulega álagið á deildina og fjöldi innlagna verið hvað mestur. Vert er að benda á að lyfjakostnaður deildarinnar hefur einungis aukist um 16% frá árinu 2004, en fjölgun í innlögnum er 44% yfir sama tímabil.



Myndrit 8: Lyfjakostnaður milli ára á D-deild

**Heildarfjöldi koma á göngudeild til hjúkrunarfræðinga á D-deild**  
Alls 315 árið 2007 (74% aukning)  
Alls 181 árið 2006  
Alls 220 árið 2005

## F-deild

### Fæðinga- og kvensjúkdómadeild

**Yfirljósmóðir:** Guðrún Guðbjartsdóttir.  
**Yfirljósmóðir:** Anna Rut Sverrisdóttir.  
**Yfirlæknir:** Konráð A. Lúðvíksson.

#### Starfsfólk:


Á deildinni störfuðu 9 ljósmæður í 5,5 stöðugildum, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir, fjórir sjúkraliðar í 2,1 stöðugildi og ritari í 0,8 stöðugildi sem deilist með A-deild. Að auki var ein ljósmóðir í námsleyfi (0,8 stg.) og tvær ljósmæður í barnsburðarleyfi (1,2 stg.).

#### Starfsemi:


Á deildinni eru 8 legurúm. Deildin þjónustar fæðandi konur, konur með

vandamál tengd meðgöngu- og kvensjúkdómum. Ljósmæður deildarinnar sjá mánaðarlega um námskeið fyrir verðandi foreldra


Heildarfjöldi innlagna á deildina var 559 innlagnir (nýburar ekki taldir með), sem er tæplega 30% aukning frá fyrra ári. Heildarfjöldi legudaga var 1.309 sem er 9% aukning. Meðallega var 2,2 dagar.



Myndrit 9: Heildarfjöldi innlagna á F-deild 2005-2007



Myndrit 10: Heildarfjöldi legudaga á F-deild 2005-2006



Fæðingar alls  
2007 = 247  
2006 = 204  
2005 = 177  
2004 = 209

Myndrit 11: Heildarfjöldi fæðinga eftir mánuðum 2004-2007


### Fæðingar:

Fæðingum fjölgaði á milli ára og voru 247 á árinu, sem er 22% fjölgun frá fyrra ári. Sérstaða fæðingadeildarinnar felst m.a. í góðri aðstöðu til vatnsfæðinga. Fjöldi vatnsfæðinga á árinu voru alls 52 eða 21% af öllum fæðingum, sem er töluverð aukning frá fyrra ári (12%). Fjöldi keisaraskurða var 36 (15%), þar af voru 17 bráða-keisarar og 19 valkeisarar.

Tíðni inngrípa við fæðingar breytist almennt lítið á milli ára, nema hvað

dregið hefur verulega úr fjölda gangsetninga á árinu. Fjöldi gangsetninga var 15% af öllum fæðingum árið 2007 en var 19% árið 2006. Einnig hefur dregið úr tíðni sogklukkufæðinga, en þær voru 10% árið 2006 en einungis 4% árið 2007.

Sú nýjung hefur verið tekin upp á heimasíðu HSS að birta myndir af þeim börnum sem fæðast á fæðingadeildinni, að fengnu leyfi foreldra.



Aukning  
2007/2006  
1%

Myndrit 12: Fjöldi koma á göngudeild F-deildar 2004-2007

### Göngudeildarþjónusta

**fæðingadeildar:** Á árinu voru 1.157 komur alls á göngudeildina sem er svipaður fjöldi og á fyrra ári. Þar ber helst að nefna

barnshafandi konur sem koma í hjartsláttarrit, mat á byrjandi fæðingu, nálastungur og mæður með vandamál tengd brjóstgjöf.





## Fæðingar

	2004	2005	2006	2007
<b>Fjöldi fæðinga</b>	<b>209</b>	<b>177</b>	<b>204</b>	<b>247</b>
Frumbyrjur			75	72
Fjölbyrjur			129	175
Vatnsfæðingar	24	26	25	52
% Hlutfall af heild	12%	15%	12%	21%
Tvíburar	2	2	2	1
Meðal þyngd barna				3360gr
<b>Fjöldi keisaraskurða</b>	<b>26</b>	<b>24</b>	<b>33</b>	<b>36</b>
Bráðakeisarar	10	10	11	17
Valkeisarar	16	14	22	19
Gangsetningar	23	33	39	36
Mænurótardeyfing (Epidural)	30	22	31	31
Pethidin	27		26	26
Sogklukka	10	14	20	9
Heil spöng og/eða minniháttar áverkki				120 (49%)
Tíðni 1° Spangarrofs				61 (25%)
Tíðni 2° Spangarrofs				54 (22%)
Tíðni 3° Spangarrofs				11 (4%)
Tíðni 4° Spangarrofs				1 (0.4%)
Spangarklipping				18 (7%)
Axlarklemma	2	6	3	9
Meðaltals Apgar eftir 1 mín				7,9
Meðaltals Apgar eftir 5 mín				9,5
Andvana fæðing	1	0	0	0
Vökudeild				6

Tafla 4: Upplýsingar tengdar fæðingum árin 2004-2007

## A-deild 5- daga deild

**Hjúkrunardeildarstjóri:** Þórunn A. Einarsdóttir til 14. ágúst  
Rósa Víkingsdóttir frá 15. ágúst.

**Yfirlæknir:** Sigurður Þór Sigurðarson.

Deildin er með 16 rúm sem skiptast í tvær einingar, 5 daga endurhæfingar-deild (A-deild) og dagdeild (B-deild). Einingarnar eru reknar með sameiginlegu starfsfólki. Allir læknar HSS geta lagt skjólstæðinga inn á deildina. Sumarlokun var frá 2. júlí til 15. ágúst.

### Starfsfólk:


Á deildinni störfuðu 3 hjúkrunarfræðingar í 2,5 stöðugildum og 7 sjúkraliðar í 4,1 stöðugildum. Deildaritari í 0,8 stöðugildi er sameiginlegur með fæðingadeildinni.

Allir læknar stofnunarinnar geta lagt sjúklinga inn á deildina í samráði við yfirlækni og deildarstjóra deildarinnar.

### Starfsemi:


Á deildinni eru 10 rúm fyrir skjólstæðinga sem eru að stærstum hluta aðgerða- og endurhæfingasjúklingar.

Á árinu 2007 voru alls 444 innlagnir á deildina, sem er 15% fækkun frá árinu 2006, en þá voru alls 511 innlagnir. Á sama tíma er um 15% aukning í starfsemi dag- og göngudeildar (B-deild) sem hugsanlega skýrir að einhverjum hluta þennan mismun á innlögnum á milli ára. Í kjölfarið er einnig um 18% fækkun á legudagafjölda. Á myndriti 13 má sjá dreifingu innlagna á milli mánaða. Rúmanýting var að meðaltali um 80%. Meðallegutími var 3,5 dagar, lengstur fyrir endurhæfingar sjúklinga, 16 dagar (var 14 dagar 2006), en stytur fyrir skurðaðgerðasjúklinga, 1,2 dagar (var 1,7 dagar 2006).



Myndrit 13: Fjöldi innlagna á A-deild-samanburður 2005-2007





Myndrit 14: Fjöldi legudaga á A-deild-samanburður 2005-2007

A-deild	Fjöldi innlagna	Meðalaldur sjúklinga	Meðallegu- dagafjöldi
Handlækningar	277	30 ár	1,5 dagar
Endurhæfing	84	68 ár	16 dagar
Alm. lyflækningar	54	60 ár	4 dagar
Kvensjúkdómar	29	41 ár	2 dagar
Alls	444		3,5

Tafla 5: Samanburður sérgreina á A-deild árið 2006

A-deild	Fjöldi innlagna	Meðalaldur sjúklinga	Meðallegu- dagafjöldi
Handlækningar	327	30 ár	1,6 dagar
Endurhæfing	104	73 ár	14 dagar
Alm. lyflækningar	49	68 ár	4,3 dagar
Kvensjúkdómar	31	39 ár	1,6 dagar
Alls	511		4,5

Tafla 6: Samanburður sérgreina á A-deild árið 2007

## B-deild

### Dag- og göngudeild

**Hjúkrunardeildarstjóri:** Þórunn A. Einarsdóttir til 14. ágúst.

Rósa Víkingsdóttir frá 15. ágúst.

**Yfirlæknir:**

Sigurður Þór Sigurðarson.

#### Starfsfólk (sameiginlegt A-deild):

Á deildinni störfuðu 3 hjúkrunarfræðingar í 2,5 stöðugildum og 7 sjúkraliðar í 4,1 stöðugildum.

Deildaritari í 0,8 stöðugildi er sameiginlegur með fæðingadeildinni.

#### Starfsemi:


Á deildinni eru 6 rúm. Alls voru skráðar 1.435 komur á deildina á árinu en það er tæplega 15% fjölgun frá fyrra ári. Hjúkrun skurðsjúklinga er stór þáttur í starfseminni, en 291 komur voru skráðar vegna skurðaðgerða.

Aðrir þjónustustuliðir (sjá myndrit16) voru meðal annars 507 komur vegna


endurhæfingar, 319 komur í ljósa-meðferð fyrir psoriasis og 291 koma vegna ambúlant skurðaðgerðar.

Komum dagsjúklinga í endurhæfingu fjölgaði yfir 100%. Aðrar komur voru m.a. vegna járngjafar (73 komur), sýklalyfjagjafar (46 komur), holterrannsóknar (37 komur) og blóðgjafar (18 komur).

Bráðakomur á deildina voru 16 og í flestum tilvikum frá slysa og bráðamóttöku þar sem hjúkrunin fólst í framhaldseftirliti.



Myndrit 15: Fjöldi koma á dag- og göngudeild 2006-2007



Myndrit 16: Ástæður komu á dag- og göngudeild-samanburður 2006 (gult) og 2007 (blátt)

## Víðihlið hjúkrunardeild

**Yfirhjúkrunarfræðingur:** Edda Bára Sigurbjörnsdóttir.  
**Yfirlæknir:** Sigurður Árnason.


### Starfsfólk:

Í Víðihlið störfuðu 4 hjúkrunarfræðingar í samtals 2,70 stöðugildum. Sjúkraliðar voru 14 í 9,2 stöðugildum og ófaglærðir voru 19 í samtals 11,5 stöðugildum.


### Starfsemi:

Víðihlið er hjúkrunardeild fyrir aldraða. Þar eru rúm fyrir 25 vistmenn. Innlagnir á árinu voru alls 34 sem er 55% fjölgun frá árinu áður.

Legudögum fækkaði lítillega, eða um 3% og meðaltals rúmanýting var 95%. RAI – mat (raunverulegur aðbúnaður íbúa) var gert þrisvar samkvæmt reglum. Niðurstöður varðandi hjúkrunarþyngdarstuðla voru eftirfarandi:  
 janúar – febrúar 1.09 (landið allt 1.02),  
 maí – júní 1.08 (landið allt 1.02),  
 sept. – október 1.07 (landið allt 1.02)



Myndrit 17: RAI-mat, samanburður árið 2007 Víðihlið/allt landið




**Aukning**

**2007/2006  
55%**

Myndrit 18: Heildarfjöldi innlagna í Viðihlið-samanburður 2004-2007

**Rúmanýting  
2007  
95%**



**Legudagar alls**

**2007 = 8.637  
2006 = 8.931  
2005 = 8.279  
2004 = 8.669**

**Fækkun  
2007/2006  
-3%**

Myndrit 19: Heildarfjöldi legudaga í Viðihlið-samanburður 2005-2007

Ár	Meðallegudagar (Fjöldi)	Meðalaldur sj. (Ár)	Meðalnýting (%)
2007	27	79 ár	95%
2006	29	81 ár	98%
2005	26	81 ár	91%
2004	28	81 ár	95%

Tafla 7: Samanburður milli ára 2004-2007

# Skurðstofur

**Hjúkrunardeildarstjóri:** Ásdís Johnsen.  
**Yfirlæknir:** Árni Leifsson.

## Starfsfólk:


Á skurðstofu störfuðu 2 hjúkrunarfræðingar í samtals 1,6 stöðugildi, sjúkraliði í 0,80 og starfsmaður í ræstingu í 0,65 stöðugildi. Sjö sérfræðingar störfuðu á skurðstofu á árinu.

**Starfsemi:** Skurðstofan er opin frá mánudegi til fimmtudags. Bakvaktir eru til kl. 20:00 nema þriðjudaga og miðvikudaga, þá eru sólarhringsvaktir. Skurðstofan var lokað í 6 vikur frá 4. júlí til 22. ágúst. Einnig var lokað frá 23. desember til 2. janúar. Tvær skurðstofur eru til staðar, önnur fyrir stærri

aðgerðir en hin fyrir minni aðgerðir og rannsóknir.

Á árinu fóru alls 953 einstaklingar í skurðaðgerðir, 325 inniliggjandi sjúklingar og 628 ferlisjúklingar. Þetta er 9% samdráttur frá fyrra ári, en þá voru aðgerðarsjúklingar alls 1.044

Skjólstæðingar komu víðs vegar að, einkum af Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu.




**Fjöldi einstaklinga í skurðaðgerð**  
2007 = 953  
2006 = 1.044  
2005 = 1.019


**Fækkun 2007/2006**  
-9%

Myndrit 20: Heildarfjöldi einstaklinga í skurðaðgerð 2004-2007





Myndrit 21: Samanburður á dreifingu aðgerðartegunda á milli sérgreina 2005-2007



Myndrit 22: Heildarfjöldi speglana eftir tegund 2005-2007



Myndrit 23: Hlutfallsleg skipting kvíðarholsspeglana árin 2006-2007



## Svæfingadeild


**Hjúkrunardeildarstjóri:** Rut Þorsteinsdóttir.  
**Yfirlæknir:** Árni Leifsson.

### Starfsfólk:


Á svæfingu er ein staða svæfingalæknis. Stöðugildi svæfingahjúkrunarfræðings er 0,80, auk þess er 0,80 stöðugildi hjúkrunarfræðings á vöknun. Í nóvember bættist við 0.2 stöðugildi hjúkrunarfræðings.

### Starfsemi:

Fjöldi svæfinga og deyfinga á árinu var 825, sem er 7% aukning frá fyrra ári. Svæfingar voru alls 715 og deyfingar alls 110. Hlutfall deyfingategunda helst svipað á milli ára, mest er um Spinal deyfingar (44%) síðan mænurótardeyfingar vegna fæðinga (25%).



Myndrit 24: Samanburður á heildarfjölda svæfinga og deyfinga 2003-2007



Myndrit 25: Hlutfall deyfingategunda árið 2007

## Rannsóknadeild

**Yfirlífeindafræðingur:**  
**Yfirlæknir:**

Sigurlaug N. Þráinsdóttir.  
Sigurjón Kristinsson.


### Starfsfólk:

Á rannsóknadeild störfuðu 4 starfsmenn í tæplega 4,0 stöðugildum.


Starfsfólk rannsóknadeildar fer til Grindavíkur alla mánudaga og fimmtudaga frá kl.8:30-11 og sýnatökum er sinnt eftir þörfum á Garðvangi og Hlévangi.

### Starfsemi:


Starfsemi deildarinnar hefur aukist jafnt og þétt samfara aukinni starfsemi stofnunarinnar undanfarin ár. Fjöldi skjólstæðinga hefur aukist um 40% frá árinu 2004 og fjöldi rannsóknæininga um 26 %.



Myndrit 26: Heildarfjöldi rannsókna og rannsóknæininga 2005-2007




Myndrit 27: Samanburður á fjölda algengra blóðrannsókna 2005-2007





Skjólstæðingar  
alls  
2007 = 16.093  
2006 = 14.265  
2005 = 12.421  
2004 = 11.508

Heildarfjöldi  
skjólstæðinga  
aukning  
2007/2006 = 13%  
2007/2004 = 40 %

Myndrit 28: Samanburður á fjölda skjólstæðinga ferli/inniliggjandi 2005-2007



Myndrit 29: Samanburður á fjölda sendra rannsóknasýna 2005-2007



Myndrit 30: Sundurliðun á sendum sýnum árin 2006-2007

## Röntgendeild

**Yfirgeislafræðingur:**  
**Yfirlæknir:**

Stella María Thorarensen.  
Konráð A. Lúðvíksson.


**Starfsfólk:**

Á röntgendeildinni störfuðu 3 geislafræðingar í 2,7 stöðugildum og sérhæfður aðstoðarmaður í 0,8 stöðugildi, alls 3,5 stöðugildi, sem er aðeins aukning frá fyrra ári.


woru 5.728 rannsóknir. Fjöldi sjúklinga var 4.442. Er þetta 15 % aukning frá árinu áður. Hins vegar hefur fjöldi ómrannsóknna sem framkvæmdar eru á stofnuninni fækkað verulega. Þannig voru einungis framkvæmdar tæplega 500 rannsóknir á árinu sem er 26% fækkun frá fyrra ári og 75% fækkun frá árinu 2005. Þessa fækkun má skýra

**Starfsemi:**

Heildarfjöldi rannsókna á árinu 2007



Myndrit 31: Heildarfjöldi skjólstæðinga og rannsókna 2004-2007



Myndrit 32: Fjöldi ómskoðana framkvæmdar á HSS 2005-2007

með því að í júní 2006 var samið um samstarf á röntgensviði við Læknisfræðilega myndgreiningu í Domus. Í kjölfarið fækkaði komum lækna sem framkvæma ómrannsóknir á HSS úr fjórum dögum á viku í einn dag í viku. Einnig fækkaði rannsóknategundum sem framkvæmdar eru á stofnuninni þannig að margir þurfa að sækja þjónustuna til Reykjavíkur sem ekki þurfti áður. Má nefna rannsóknir eins

og blóðflæðisrannsóknir, blóðtappa o.fl.

Á haustmánuðum færði Kaupfélag Suðurnesja stofnuninni höfðinglega gjöf kr. 30.000.000 til kaupa á sneiðmyndataeki sem mun nýtast Suðurnesjabúum sem þurfa þá ekki lengur að sækja þjónustuna til höfuðborgarinnar.

## Sjúkraþjálfun

**Yfirsjúkraþjálfari:**

Sara Guðmundsdóttir.

**Yfirlæknir:**

Sigurður Þór Sigurðarson.

### Starfsmenn:

Á árinu voru miklar sveiflur í starfsmannamálum á deildinni. Í upphafi árs voru 3 sjúkraþjálfarar að störfum í 2,5 stöðugildum auk aðstoðarmanns í 0,8 stöðugildi, en í lok árs var einn sjúkraþjálfari í 1 stöðugildi og 1,2 stöðugildi aðstoðarmanna. Ástæðan fyrir þessum sveiflum voru fæðingarorlof sem tveir sjúkraþjálfarar fóru í á árinu en ekki tókst að fá annan sjúkraþjálfara til afleysingar.


### Starfsemi:

Starfsemi sjúkraþjálfunar fer fram alla virka daga frá klukkan 8:00-16:00.

Sjúkraþjálfarar sinna að mestu sjúkrahússviði þ.e. D-deild og A-deild en það er ekki hrein skipting á stöðugildum sjúkraþjálfara á milli deildanna. Auk þess sinna þeir þjálfun vistmanna í Víðihlíð í Grindavík.


Fjöldi meðferða fjölgaði um 25% frá árinu 2006 og tímaeiningum um 24%. Heildarfjöldi nýrra meðferðabæiðna fjölgaði um 23% á milli ára. Þessi mikla aukning á starfsemi sjúkraþjálfunar er í samræmi við aukinn fjölda innlagna á sjúkrahússviði.

Í lok árs stóð sjúkraþjálfari fyrir almennri fræðslu um heilablóðföll fyrir starfsfólk HSS og mæltist það vel fyrir.



Myndrit 33: Hlutfallsleg skipting á fjölda meðferða á milli deilda árin 2006-2007






Aukning  
fjöldi meðferða  
2007/2006 = 25%

fjöldi tímaeininga  
2007/2006 = 24%

Myndrit 34: Heildarfjöldi meðferða og tímaeininga innliggjandi sjúklinga 2004-2007




Fjöldi nýrra  
beiðna 2007 = 221  
beiðna 2006 = 180  
beiðna 2005 = 166

Aukning  
2007/2006 =  
23%

Myndrit 35: Heildarfjöldi nýrra meðferðabeiðna innliggjandi sjúklinga 2005-2007

Áreynslupróf eru framkvæmd vikulega í sal sjúkraþjálfunar í samvinnu við hjartalækni. Stöðug aukning hefur verið á þeirri þjónustu, en á árinu voru framkvæmd samtals 200 áreynslupróf, sem er 43% aukning frá fyrra ári.

Á árinu 2006 voru framkvæmd alls 140 áreynslupróf, sem er um 70% aukning frá árinu 2005, en sérfræðingur í hjartalækningum var ráðinn til stofnunarinnar í júlí 2005.



Aukning  
2007/2006 =  
43%

Myndrit 36: Heildarfjöldi áreynsluprófa árin 2005-2007




## Lyfjanefnd

**Formaður:** Sigurður Árnason.

Lyfjanefnd HSS var skipuð þremur aðilum, Sigurði Árnasyni yfirlækni Víðihlíðar, kennslu- og vísinda, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Sigurði Þór Sigurðarsyni yfirlækni lyflækninga og Hildi Helgadóttur hjúkrunarforstjóra. Þórunn Benediktsdóttir hjúkrunarforstjóri tók sæti Hildar í nefndinni þann 1. september þegar Hildur hætti störfum hjá stofnuninni.

Nefndin hefur starfað síðan árið 2004 og hefur að markmiði að gæta öryggis og hagkvæmni í lyfjaval og innkaupum lyfja. Nefndin gefur út

lyfjalista sem endurskoðaður er með ákveðnu millibili. Með tilkomu lyfjalista, almennu aðhaldi og auknu aðgengi að upplýsingum um þróun lyfjakostnaðar hefur tekist að minnka beinan lyfjakostnað stofnunarinnar verulega. Þannig hefur beinn lyfjakostnaður dregist saman um rúmlega 1% frá árinu 2004, en á sama tíma hefur fjöldi innlagna á stofnunina aukist um tæplega 30%. Beinn lyfjakostnaður jókst um 1% frá fyrra ári, en á sama tímabili fjölgaði innlögnum um 13%.



**ATH. Um er að ræða beinan kostnað án fyrningarkostnaðs**

## Heilsugæsla

### Starfsfólk:

Á árinu störfuðu læknar í 11,4 stöðugildum, sem er aukning um 2,4 stöðugildi frá fyrra ári. Hjúkrunarfræðingar störfuðu í 13,4 stöðugildum, ljósmæður í 2,0 stöðugildum og sjúkraliðar í 7,9, sem er svipuð mönnun og á fyrra ári. Auk þess var félagsráðgjafi í 0,50 stöðugildi, 2 sálfræðingar í 1,0 stöðugildi samtals, iðjuþjálfari og næringarráðgjafi. Móttökuritarar störfuðu í samtals 7,80 stöðugildum.

### Starfsemi:

Mikil og stöðug uppbygging hefur átt sér stað á heilsugæslusviði HSS undanfarin ár og þjónusta við skjólstaðinga stofnunarinnar hefur aukist verulega.

Fólksfjölgun á Suðurnesjum er langt umfram landsmeðaltal, en íbúum á

svæðinu hefur fjölgað um tæplega 20% síðastliðin þrjú ár og allt að 30% frá árinu 1997, en þá voru íbúar á Suðurnesjum alls 15.685 samkvæmt Hagstofu Íslands. Fólksfjölgun var 8% á milli áráanna 2007 og 2006. Allt bendir til að áframhaldandi þróun verði á uppbyggingu svæðisins með viðeigandi fólksfjölgun. Samskipti (viðtöl, símtöl og vitjanir) í heilsugæslu hafa aukist um 10% á milli áráanna 2007 og 2006 og um 20% frá 2005.

Heilsugæslustöðvar eru staðsettar bæði í Reykjanesbæ og Grindavík, en auk þess er þjónusta haldið úti tvisvar í viku í Garði og Sandgerði og vikulega í Vogum. Vakt utan dagvinnutíma er aðallega á heilsugæslustöðinni í Reykjanesbæ, en einnig er vakt í 2 klst. á mánudögum í Grindavík.

1. Desember 2007	Karlar	Konur	Alls
0-18 ára	3.084	2.942	6.026
19-66 ára	6.775	6.026	12.801
67 ára og eldri	761	827	1.588
Alls	10.620	9.795	20.415

Aukning  
2007/2006  
8%


Aukning  
2007/1997  
30%

Tafla 8: Íbúafjöldi á Suðurnesjum 1. desember 2007

### Samkvæmt Hagstofu Íslands

1. Desember 2006	Karlar	Konur	Alls
0-18 ára	2.934	2.737	5.671
19-66 ára	6.108	5.562	11.670
67 ára og eldri	735	804	1.539
Alls	9.777	9.103	18.880

Tafla 9: Íbúafjöldi á Suðurnesjum 1. desember 2006



Myndrit 38: Yfirlit samskipta á heilsugæslu HSS-samanburður 2005-2007

**ATH. Ekki eru meðtalin “færsla án samskipta” og “annað”**

## Heilsugæslustöðin í Reykjanesbæ

**Yfirhjúkrunarfræðingur:** Sigrún Ólafsdóttir  
**Yfirlæknir:** Sigurjón Kristinsson


### Starfsemi:

Almenn móttaka er alla virka daga frá kl. 08:00-16:00. Vaktþjónusta er frá kl. 16-20 virka daga og frá kl.10-13 og kl. 17-19 um helgar og aðra frídaga. Auk þess er bráðþjónusta allan sólarhringinn allan ársins hring.

Starfsemi heilsugæslunnar styrkist og eflist með hverju ári. Þjónusta sem stendur skjólstæðingum HSS til boða er m.a. almenn lækniþjónusta, almenn móttaka hjúkrunarfræðinga, móttaka fyrir sykursjúka, slysa- og bráðamóttaka, mæðravernd, ung- og

smábarnavernd, skólaheilsugæsla, unglíngamóttaka, heimahjúkrun, næringarráðgjöf, heyrnarvernd, sálfélagsleg móttaka og félagsráðgjöf. Aukning í viðtölum, símtölum og vitjunum var 10% milli ára 2007 og 2006 sem er svipuð aukning og áður.

Algengustu ástæður komu á heilsugæslustöðina voru eins og fyrri ár, lyfjaendurnýjanir, ónæmisáðgerðir, hósti, slysa/áverkar, hálsbólga, bakverkur, hiti, alm.verkir, kvef, blóðþrýstingseftirlit, eyrnaverkur, útbrot, kviðverkir, slappleiki, kvíði, brjóstverkur og höfuðverkur.




Myndrit 39: Yfirlit samskipta á heilsugæslu í Reykjavík og Selum-samanburður 2005-2007

**ATH. Ekki eru meðtalin „færsla án samskipta“ og „annað“**

### Móttaka lækna utan dagvinnu

Alls voru skráðar 16.799 komur á læknavakt heilsugæslunnar árið 2007. Þetta er um 3% aukning frá árinu 2006 þegar komur á vaktina voru alls 16.320. Afgerandi aukning er frá árinu 2005, eða 23% en þá voru vaktkomur

alls 13.663. Hafa þeir í huga að fólksfjölgun á svæðinu hefur aukist um 20% á þessu sama tímabili. Einnig gæti mikil starfsmannavelta í starfsstétt lækna fyrir þessi tímabil hafa haft áhrif.




Myndrit 40: Fjöldi koma á læknavakt utan dagvinnu 2005-2007

### Móttaka hjúkrunarfræðinga

Komur í móttöku til hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðina voru rúmlega 6.300, sem er 12% aukning frá fyrra ári, en þá voru komur um 5.600.

Helstu ástæður komu til hjúkrunarfræðings eru blóðþrýstingsmælingar, bólusetningar, sprautugjafir, sára- og umbúðaskipti, ýmis fræðsla og ráðgjöf.




Myndrit 41: Móttaka hjúkrunarfræðinga-fjöldi viðtala 2005-2007

### Lungnamælingar (spirometria)

Á heilsugæslunni eru framkvæmdar lungnamælingar sem er mikilvæg rannsókn við greiningu, meðferð og eftirlit lungnasjúklinga. Á árinu voru

framkvæmd 388 öndunarpróf (spirometria), sem er um 3% aukning frá fyrra ári og yfir 90% aukning frá árinu 2005, þegar framkvæmd voru 202 öndunarpróf.



Myndrit 42: Fjöldi öndunarprófa (Spirometriu) árin 2004-2007

### Ónæmisáðgerðir – influensa og lungnabólga


Á hverju hausti kemur fjöldi manns á stöðina í influensubólusetningar. Eldri borgarar nota þá oft tækifærið til að fá lungnabólgaþólusetningu í leiðinni. Hjúkrunarfræðingar hafa einnig tekið

að sér að fara út í fyrirtækin og bólu- setja starfsfólk sé þess óskað (Skv. leiðbeinigum frá Landlæknisembættinu er fólk eldra en 60 ára og þeim sem þjást af ýmsum langvinnum sjúkdómum ráðlagt að láta bólusetja sig við bæði influensu og lungnabólgu.




Töluverð fækkun hefur orðið á fjölda influensubólusetninga frá árinu 2004, sem skýrist hugsanlega að hluta til af því að stærri fyrirtæki eru farin að kaupa þessa þjónustu af einkareknum fyrirtækjum innan heilbrigðisgeirans. Einnig hefur orðið töluverð fækkun á

fjölda lungnabólubólusetninga frá árinu 2004 eins og myndrit 43 gefur til kynna. Ástæða er óljós. Á árinu 2007 er þó aftur aukning bæði í influensu- og lungnabólubólusetningum.



Myndrit 43: Ónæmissaðgerðir-samanburður 2004-2007



Myndrit 44: Fjöldi ónæmissaðgerða tengdar utanlandsferðum 2004-2007



## Ónæmisáðgerðir tengdar utanlandsferðum

Íslendingar ferðast mikið til framandi landa þar sem ýmsir kvillar geta herjað á ferðalanga. Ónæmisáðgerðir tengdar utanlandsferðum eru framkvæmdar allt árið og um leið lögð áhersla á að veita

fræðslu og ráðgjöf varðandi matvöru, drykki, skordýr o.fl. Stöðug aukning er í fjölda ónæmisáðgerða, en 30% aukning var á milli ára 2007 og 2006 og næstum 200% aukningin frá árinu 2005.


## Móttaka fyrir sykursjúka

Sykursýkimóttaka er opin einu sinni til tvisvar í viku þar sem unnið er samkvæmt klíniskum leiðbeiningum landlæknis. Allir skjólstæðingar hitta lækni og hjúkrunarfræðing reglulega og öllum er boðið viðtal við næringar-ráðgjafa við greiningu eða inn-skráningu í móttökuna og síðan eftir þörfum.

Alls komu 322 einstaklingur í sykursýkimóttökuna árið 2007 og var fjöldi koma alls 978. Þannig hefur

fjöldi skjólstæðinga fjölgað um tæp 20% á milli ára og aukning í komum er einnig um 20%.


Meirihluti samskipta meðal kvenna er á aldursbilinu 65-69 ára og eldri, en meirihluti samskipta karla er á aldursbilinu 55-59 ára og eldri. Meðal kvenna er athyglisvert að uppsveifla er á aldursbilinu 45-49 ára. Ekki er gerður greinarmunur á týpu I og týpu II sykursýki.




Myndrit 45: Göngudeild sykursjúkra-samanburður 2003-2007

**Aukning fjöldi koma**  
2007/2006 = 19%  
2007/2003 = 140%


**Aukning Fjöldi skjólstæðinga**  
2007/2006 = 20%  
2007/2003 = 103%



Myndrit 46: Göngudeild sykursjúkra-fjöldi samskipta eftir aldri



Myndrit 47: Göngudeild sykursjúkra-fjöldi samskipta kvenna eftir aldri



Myndrit 48: Göngudeild sykursjúkra-fjöldi samskipta karla eftir aldri

## Mæðravernd

**Yfirljósmóðir:** Halldóra Kristinsdóttir.  
**Yfirlæknir:** Konráð A. Lúðvíksson.

### Starfsfólk:


Í mæðravernd störfuðu 2 ljósmæður í 1,2 stöðugildi. Fæðingarlæknir starfaði við mæðraverndina í 0,20 stöðugildi. Þjónusta fyrir verðandi mæður er einnig veitt á göngudeild fæðingardeildar.

### Starfsemi:


Mæðraverndin sinnir eftilíti og ráðgjöf fyrir verðandi mæður og feður. Alls komu 425 konur í mæðraverndina, en heildarfjöldi koma á árinu var 2.806

komur, sem er 7% fjölgun frá fyrra ári. Langflestar konurnar voru á aldrinum 25-34 ára, eða rúmlega 52%. Tæplega 40% voru hins vegar 24 ára og yngri og konur á aldrinum 40-44 ára voru rúmlega 1%.


Verðandi foreldrum er boðið upp á fræðslunámskeið til unfríbúnings fæðingar, sængurlegu og brjóstagjafar. Þátttakendur á námskeiðum í ár voru um 170 á alls 13 námskeiðum.



Myndrit 49: Heildarfjöldi koma í mæðravernd 2004-2007



Myndrit 50: Aldursskipting kvenna í mæðravernd árið 2007




Myndrit 51: Hlutfall þjónustu mæðraverndar árið 2007

#### Krabbameinsleit:

Krabbameinsleit er gerð einu sinni í mánuði og voru framkvæmdar 931 skoðanir á árinu, sem er lítið eitt færri en á fyrra ári.

þær voru 749 árið 2006. Konur frá 40 ára aldri fá bréf annað hvert ár til að minna þær á að koma í skoðun.

Upplýsingar um fjölda brjóstamyndataka voru ekki aðgengilegar en



Myndrit 52: Skimur leghálskrabbameins-fjöldi skoðana 2003-2007

Fækkun  
2007/2006  
5%

## Ung- og smábarnavernd

**Hjúkrunardeildarstjóri:** Solveig Toffolo til 31. maí  
**Hjúkrunardeildarstjóri:** Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir frá 1. júní

### Starfsfólk:

Að jafnaði störfuðu á deildinni 4 hjúkrunarfræðingar/ ljósmæður í 3,5 stöðugildum, 2 barnalæknar í 0,7 stöðugildi og sjúkraliði í 0,4 stöðugildi.


### Starfsemi:

Ung- og smábarnavernd sinnir börnum frá fæðingu að 6 ára aldri. Börnin koma í eftirlit til læknis og hjúkrunarfræðinga með reglulegu millibili, en þau eru skoðuð með tilliti til vaxtar og þroska. Einnig er Edinborgar þunglyndiskvarðinn lagður fyrir allar konur 9 vikum eftir fæðingu.

Tilgangurinn er að finna þær konur sem hafa einkenni þunglyndis og finna þau úrræði sem henta best hverju sinni.

Þær konur sem greinast með fæðingarþunglyndi eiga kost á sérhæfðri geð- og sálfélagslegri aðstoð á stofnuninni. Í haust var sú breyting gerð á móttöku til hjúkrunarfræðinga að tímalengd var aukin úr 15 mínútum í 30 mínútum til að efla gæði þjónustu til skjólstaðinga okkar. Hefur þessi breyting mælst vel fyrir hjá foreldrum.

Heildarfjöldi koma í ung- og smábarnaverndina var 2.949 komur sem er um 7% aukning á milli ára. Vitjunum fjölgaði úr 678 í 865, sem er tæplega 30% aukning og bólusetningum fjölgaði úr 1.367 í 1.531 á milli ára (tæplega 12%).



Myndrit 53: Samanburður á þjónustu ungbarnaverndar 2005-2007



2007	6 vikna	0-1 árs lækni skoðun	18 mán -5 ára lækni skoðun	3½ árs þroskamát	5 ára þroskamát	Komur til hj.fr.	Komur alls	Vitjanir alls
Stúlkur	155	525	287	98	89	361	1.515	
Drengir	171	497	237	83	83	363	1.434	
Alls	326	1.022	524	181	172	724	2949	865
2006								
Stúlkur	123	444	323	70	77	333	1.370	
Drengir	107	382	406	96	106	291	1.388	
Alls	230	826	729	166	183	624	2.758	678
2005								
Stúlkur	96	455	342	92	88			
Drengir	88	471	365	87	111			
Alls	184	926	707	179	199	459	2.654	741

Tafla 10: Komur, skoðanir og fj. vitjana í ungbarnavernd-samanburður 2005-2007

## Skólaheilsugæsla

**Hjúkrunardeildarstjóri:** Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir til 30. september.  
**Hjúkrunardeildarstjóri:** Guðbjörg Ágústa Sigurðardóttir frá 1. október

### Starfsfólk:

Skólahjúkrunarfræðingar voru 4 í 3,7 stöðugildum. Einnig starfaði sjúkraliði í 0,15 stöðugildi. Miklar breytingar urðu á starfsfólki á milli skólaára vegna skorts á hjúkrunarfræðingum og um tíma var sami hjúkrunardeildarstjórinn bæði yfir skólahjúkrun og ungbarnavernd.

### Starfsemi:

Alls voru 9 grunnskólar í umsjá skólaheilsugæslunnar. Meginstörf skólaheilsugæslu felast í reglubundnu heilbrigðiseftirliti, ónæmisáðgerðum, heilbrigðisfræðslu, hvatningu og forvörnum. Einnig er stór þáttur að sinna slysum og veikindum sem upp koma á skólatíma, sem og nemendum með langvinna sjúkdóma og fötlun.

Hjúkrunarfræðingar í skóla eiga sæti í nemendaverndarráðum allra grunnskóla Suðurnesja og eru tengiliðir skóla, heimila og HSS. Unnið er samkvæmt Handbók í skólaheilsugæslu sem er gefin út af HH.

Heilsufarsskoðanir eru framkvæmdar í fjórum árgöngum, 1., 4., 7. og 9. bekk þar sem mæld er hæð, þyngd og sjón, en að auki eru heyrnar- og blóðþrýstingsmælingar í 9. bekk. Einnig eru framkvæmdar ónæmisáðgerðir í 7. og 9. bekk og litaskyn kannað.

Tannvernd felur í sér flúorskolun hálfsmánaðarlega í 1., 7. og 10. bekk. Einnig fá nemendur kennslu um góða tannhirðu og gagnsemi hennar. Tafla 11 sýnir þau atriði sem skólahjúkrunarfræðingar hafa reglulega umsjón með.



Heilbrigðisatriði:	Bekkjardeild:									
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Upplýsingasöfnun frá heimilum nýrra nemenda	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺
Viðtal við umsjónarkennara	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺
Hæðar- og þyngdarmælingar	☺			☺			☺		☺	
Blóðþrýstingsmælingar									☺	
Sjónprófanir	☺			☺			☺		☺	
Heyrnarmælingar									☺	
Litaskynspróf							☺			
Ónæmisaðgerð við MMR							☺			
Ónæmisaðgerð við DT									☺	
Ónæmisaðgerð við Polio									☺	
Eftirlit með ófullnægjandi bólusetningum	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺
Flúorskolun hálfsmánaðarlega	☺						☺		☺	
Skráning skólaslysa	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺
Ábendingar um aðbúnað barna	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺
Skólatannlæknir/skráning	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺
Gæslunemendur*	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺
Eftirlit með lyfjatöku	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺
Höfuðlúsartilfelli-ráðgjöf/skráning	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺	☺

Tafla 11: Regluleg umsjón skólahjúkrunarfræðings

\*Gæslunemendur eru þeir nemendur sem skólahjúkrunarfræðingar fylgjast sérstaklega með vegna ýmissa heilbrigðisatriða.

## Heimahjúkrun

**Hjúkrunardeildarstjóri:** Bryndís Guðbrandsdóttir  
**Yfirlæknir:** Sigurður Árnason

### Starfsfólk:

Í heimahjúkrun störfuðu 4 hjúkrunarfræðingar í samtals 3,7 stöðugildum og 5 sjúkraliðar í samtals 2,9 stöðugildum. Einnig voru 3 starfsmenn sem sinna almennri aðhlyningu í samtals 2,1 stöðugildi. Fjöldi stöðugilda er miðaður við 31. desember, 2007.

Hjúkrunarfræðingar sinna bakvöktum frá kl. 16-22 alla virka daga og frá kl.10-22 um helgar. Kvöldvakt er hjá aðhlyningunni frá kl. 19-23 og helgarvakt frá kl. 08.30-12.30.

Auk þess er öllum útköllum sinnt eftir þörfum.

Lyflæknar sjúkrahússins sinna einnig bakvaktarþjónustu.

	2005	2006	2007
Hjúkrunarfræðingar	2.8	3.0	3.7
Sjúkraliðar	2.6	2.6	2.9
Aðstoðarmenn	2.1	2.1	2.1
Læknar	0.3	0.3	0.3
<b>Alls:</b>	<b>7.8</b>	<b>8.0</b>	<b>9.0</b>

Tafla 12: Stöðugildi í heimahjúkrun


### Starfsemi:

Starfsemi heimahjúkrunar hefur vaxið mikið undanfarin ár. Mikil sérhæfing hefur einnig átt sér stað varðandi meðferð sjúklinga með krabbamein.

Iðjubjálfi fer í heimilisathugun þegar þörf krefur og framkvæmir einnig minnismat (MNSE) í heimahúsi.


Auk mikillar samvinnu við lyf-lækningadeildina hefur samvinna við félagsþjónustu allra sveitafélaganna og við aðrar stofnanir aukist verulega.

Skjólstæðingar HSS sem þurfa á heimahjúkrun að halda geta útskrifast um leið og virkri meðferð á sjúkrahúsi lýkur og enginn biðtími er eftir innlögn á sjúkrahús ef þörf krefur.




Sjúklingafjöldi í umsjá heimahjúkrunar hefur að meðaltali verið 120-130 einstaklingar í hverjum mánuði. Heildarfjöldi skjólstæðinga árið 2007 var 282, sem er fjölgun um 21 einstakling eða 8% frá árinu 2006, en þá var fjöldi skjólstæðinga 261. Konur eru í miklum meirihluta, eða um 65%.

Heildarfjöldi vitjana í heimahúsi árið 2007 voru 15.276 vitjanir, sem er 15% aukning frá árinu 2006, en þá var farið í 13.298 vitjanir. Heildarfjöldi vitjana hefur aukist um 50% frá árinu 2005 og vitjanir hafa aukist um tæplega 160% frá árinu 2003.



Myndrit 54: Fjöldi vitjana í heimahjúkrun eftir aldri-samanburður 2004-2007



Myndrit 55: Hlutfall vitjana eftir aldri í heimahjúkrun árin 2006-2007

## Slysa- og bráðamóttaka

**Hjúkrunardeildarstjóri:** Íris Kristjánsdóttir.

### Starfsfólk:

Á deildinni störfuðu 2 hjúkrunarfræðingar í 2.0 stöðugildum og einn læknir mest allt árið 2007.

Stöðug viðvera hjúkrunarfræðinga er frá kl. 08-16 alla virka daga.

Árið 2005 var hins vegar stöðug viðvera hjúkrunarfræðing til kl. 20 öll kvöld virka daga og er samanburður það árið því ekki alveg raunhæfur. Vaktlæknar heilsugæslu og sjúkrahúss sinna slysum og bráðatilfellum allan sólarhringinn alla daga ársins.

### Starfsemi:

Mikil og stöðug aukning hefur orðið á starfsemi deildarinnar undanfarin ár. Samskiptum á dagvinnutíma fjölga stöðugt (ath. 2005 upplýsingar til kl.20) og var heildarfjöldi samskipta 8.423 á árinu, sem er um 7% aukning frá fyrra ári þegar samskiptin voru alls 7.482. Aukningin er rúmlega 40% frá árinu 2004.


Komum vegna slysa á dagvinnutíma (þ.e. milli kl. 08:00 og 16:00) hefur

lítilega fjölgað, voru 1.625 árið 2006 en 1.716 árið 2007, sem er tæplega 6% aukning. Fjöldi slysa á læknavakt var alls 1.923, sem er tæplega 6% aukning frá fyrra ári þegar slys á vaktinni voru alls 1.820. Heildarfjöldi slysa var því 3.639 á árinu, sem er aukning um tæplega 6% í heildina frá fyrra ári. Mestur fjöldi slysa var í september, júní og október.

Fjöldi endurkoma var svipaður en aukning er rúmlega 1%.

Bráðatilvikum, öðrum en slysum, heldur áfram að fjölga, voru 2.310 árið 2006, en 2.924 árið 2007, sem er tæplega 30% aukning á milli ára og rúmlega 50% aukning frá árinu 2005 (1.907). Líklegasta skýringin er hin mikla aukning á þjónustu og starfsemi sjúkrahússins, þannig að sjúklingar þurfa nú síður að leita til Reykjavíkur vegna bráðra sjúkdóma þar sem aukin þjónusta býðst nú í heimabyggð.

Símaráðgjöf hefur aukist um rúmlega 20% á milli ára, eða úr 1.249 í 1.501 símtöl.




**Aukning  
12%  
2007/2006**

Myndrit 56: Heildarfjöldi samskipta á dagvinnutíma 2004-2007

\*ATH. Ekki raunhæfur samanburður árið 2005 því þá var viðvera hjúkrunarfræðinga til kl. 20 á kvöldin

**Aukning  
2007/2006  
Bráðatílvik  
önnur en slys  
= 30%**




**Aukning  
2007/2006  
Slys = 6%**

**Aukning  
2007/2006  
Endurkomur  
1%**

**Aukning  
2007/2006  
Símar. =  
20%**

Myndrit 57: Helstu samskipti (ekki öll) á dagvinnutíma 2005-2007



**Aukning  
2007/2006  
Slys  
6%**

Myndrit 58: Heildarfjöldi slysa árin 2005-2007

\*ATH. Ekki raunhæfur samanburður árið 2005 því þá var viðvera hjúkrunarfræðinga til kl. 20 á kvöldin

---

## Geð- og sálfélagsleg aðstoð

**Teymisstjóri:** Hrund Sigurðardóttir, sálfræðingur.

### **Starfsfólk:**

Starfsmenn teymisins voru þrír: félagsráðgjafi, iðjuþjálfari og sálfræðingur, í samtals 2,5 stöðugildum. Þar af greiddi Reykjanesbær eitt stöðugildi. Önnur sveitafélög greiddu 0,5 stöðugildi; Sveitarfélagið Garður, Grindavíkurbær, Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Vogar.

### **Starfsemi:**

Í árslok árið 2005 var stofnað forvarnar- og meðferðarteymi fyrir börn tíu ára og yngri sem eiga við geð-og/eða sálfélagslegan vanda að stríða, og

fjölskyldur þeirra. Sem dæmi um viðfangsefni teymisins má nefna: depurð og væga geðkvilla barns, uppeldis- og fjölskylduvanda, félagsvanda, hegðunarvanda, kreppu, þunglyndi móður/föður, kvíða, áföll o.fl.

Teymið býður upp á einstaklingsmeðferð, fjölskyldumeðferð, ráðgjöf, fræðslu og námskeið. Teyminu berast skriflegar tilvísanir frá læknum og hjúkrunarfræðingum á HSS og frá fagfólki fræðslu- og félagsmálaskrifstofa sveitafélaga á Suðurnesjum.



# Heilsugæslustöðin í Grindavík

Samkvæmt Hagstofu Íslands

1. Desember 2007	Karlar	Konur	Alls
0-18 ára	457	438	895
19-66 ára	875	806	1.681
67 ára og eldri	90	94	184
<b>Alls</b>	<b>1.422</b>	<b>1.338</b>	<b>2.760</b>

Tafla 13: Íbúafjöldi í Grindavík 1. desember 2007

Aukning  
2007/2006  
2%

1. Desember 2006	Karlar	Konur	Alls
0-18 ára	456	433	889
19-66 ára	839	804	1.643
67 ára og eldri	83	82	165
<b>Alls</b>	<b>1.378</b>	<b>1.319</b>	<b>2.697</b>

Tafla 14: Íbúafjöldi í Grindavík 1. desember 2006

**Yfirhjúkrunarfræðingur:** Sólveig Þórðardóttir.

**Yfirlæknir:** Sigurjón Kristinsson.

## Starfsfólk:

Á heilsugæslustöðinni störfuðu 3 hjúkrunarfræðingar/ljósmóðir í 2,25 stöðugildum, þroskaþjálfari í heima-hjúkrun í 0,80 stöðugildi, tveir heilsugæslulæknar í 2,0 stöðugildum, lækna-ritari og tveir móttökuritarar. Auk þess eru sérfræðingar í barnalækningum og kvensjúkdómum með reglubundna móttöku og lífeindafræðingur kemur tvisvar í viku. Einn starfsmaður sá um ræstingar.

## Starfsemi:

Heilsugæslustöðin í Grindavík er hluti af starfsemi Heilbrigðisstofnunar

Suðurnesja. Heilsugæslan er opin alla virka daga frá kl. 08:00 –16:00. Vaktþjónusta er sameiginleg HSS í Reykjanesbæ eftir kl. 16:00, en á mánudögum er vaktþjónusta í Grindavík í 2 klst.

Starfsemi heilsugæslunnar styrkist og eflist með hverju ári. Samskipti í heilsugæslu hafa aukist um 20% frá árinu 2005, en tæplega 7% aukning er á milli árána 2007 og 2006.


Þjónusta sem stendur skjólstaðingum til boða er m.a. almenn lækniþjónusta,

almenn móttaka hjúkrunarfræðinga, mæðravernd, ungbarnavernd, og skólaheilsugæsla.


Algengustu ástæður komu á heilsugæslustöðina á árinu voru lyfjaendurnýjanir, vottorð, ónæmisáðgerðir, hósti, verkir, sérstaklega í baki eða útlimum, kvef, hálsærindi, hiti, útbrot, andleg vanlíðan, blóðþrýstingseftirlit, áverki og eyrnaverkur. Þetta breytist lítið á milli ára.

### Móttaka hjúkrunarfræðinga

Skráðar komur í móttöku til hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðina voru samtals 987, en voru 899 árið áður, en það er um 10% aukning. Helstu ástæður komu til hjúkrunarfræðings eru blóðþrýstingsmælingar, bólusetningar, sprautugjafir, sára- og umbúðaskipti, ýmis fræðsla og ráðgjöf.



Myndrit 59: Yfirlit samskipta í heilsugæslu í Grindavík árin 2005-2007




Myndrit 60: Móttaka hjúkrunarfræðinga í Grindavík-samanburður 2005-2007

## Mæðravernd Grindavík

Ljósmeður og sérfræðingar í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp annast reglubundið mæðraeftirlit. Æskilegt er að fyrsta skoðun fari fram fyrir 12 vikna meðgöngu. Öllum konum er boðið upp á ómskoðun í kringum 19. – 20. viku og 33. viku meðgöngu. Nálarstungur eru valmöguleiki sem meðferð við ýmsum kvillum á meðgöngu. Verðandi foreldrum er boðið upp á sérstaka fræðslutíma fyrir fæðingu barns.

Samskipti í mæðravernd þ.e. komur, símtöl, foreldraráðgjöf, CTG –rit og nálarstungur á árinu voru alls 480, sem er svipaður fjöldi og árið 2006, en þá voru samskiptin alls 488.

Heildarfjöldi kvenna í mæðravernd var 73 konur, en þær voru 59 árið áður. Fjöldi kvenna í fyrstu komu var 33. Langalgengast var að konurnar væru á aldrinum 25-34 ára (44%), 24 ára og yngri voru 39% og 35-44 ára voru 17%.



Myndrit 61: Grindavík-heildarfjöldi samskipta í mæðravernd 2005-2007


## Ung- og smábarnavernd

### Grindavík

Markmið ungbarnaverndar er að fylgjast með vexti og þroska frá fæðingu barns til skólaaldurs, ásamt því að veita foreldrum fræðslu og stuðning. Fjöldi nýbura á árinu var 42 sem er fjórum börnum færri en árið 2005, eða 20 stúlkur og 22 drengir.

minna en á fyrra ári þegar samskiptin voru alls 887. Fjöldi vitjana í heimahús voru alls 86 vitjanir sem er svipaður fjöldi og árið áður. Ungbarnabólusetningar voru alls 1.269 en voru 833 á fyrra ári.

Heildarfjöldi samskipta í ung- og smábarnavernd var 863 sem er um 3%



Myndrit 62: Ungbarnavernd-samanburður árin 2004-2007

## Skólaheilsugæsla


### Grindavík

Á svæði heilsugæslunnar er einn skóli og var fjöldi nemenda 492 skólaárið 2007/2008, en var 496 skólaárið 2006/2007. Heildarfjöldi nemenda var því nánast sá sami á milli skólaára.

Í heilbrigðisfræðslu var fjallað um hreinlæti, hollt mataræði, skólanesti,

tannvernd, kynþroska, kynsjúkdóma, getnaðarvarnir, reykingar, fíkniefni, átraskanir, einelti og fleira.

Tannvernd felur í sér flúorskolun hálfsmánaðarlega í 1., 7. og 10. bekk auk kennslu um góða tannhirðu og gagnsemi hennar.



Myndrit 63: Skólaheilsugæsla í Grunnskóla Grindavíkur


### Slys og slysavarnir:

Fjöldi áverka í Grunnskóla Grindavíkur var 225. Algengasti slysavaldur var fall/hras 44% tilvika, áverki frá öðrum 32% tilvika og högg af/við hlut 24% tilvika.

Algengustu áverkarnir voru skrámur/mar (72%), skurðir (10%),


beinbrot (5%), bruni (5%), tognun (5%), blóðnasir (1%), tannáverkar (1%) og höfuðhögg (1%).

Helstu meðferðarúræði voru kæling (37%), krem (15%), sár meðferð (15%), plástur (14%), verkjalyf (14%) og teygjubindi (5%).




Myndrit 64: Algengasti slysavaldur í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2007-2008





Myndrit 65: Algengustu áverkar vegna slysa í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2007-2008



Myndrit 66: Algengustu meðferðarúrræði vegna slysa í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2007/2008


# Heimahjúkrun

## Grindavík


Hjúkrunarfræðingar meta þörf skjól-  
stæðinga fyrir heimahjúkrun og að-  
hlynningu. Markmið heimahjúkrunar  
er að gefa fólki möguleika á að dveljast  
heima eins lengi og kostur er, með því  
að aðstoða einstaklinga við að halda  
bestu heilsu sem mögulegt er hverju

sinni. Gott samstarf er við heima-  
júkrun HSS í Reykjanesbæ.

Vitjanir í heimahús voru alls 593 sem  
er aukning um rúmlega 11%, en  
vitjanir voru 532 á fyrra ári.



Myndrit 67: Samanburður á samskiptum í heimahjúkrun í Grindavík árin 2006/2007



Myndrit 68: Samanburður á samskiptum í heimahjúkrun í Grindavík árin 2006/2007

## Starfsmannahald

**Elís Reynarsson:** framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar  
**Bjarnfríður Bjarnadóttir:** starfsmannastjóri


Í heildina störfuðu 396 manns hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja árið 2007. Þar af voru liðlega 100 starfsmenn í afleysingum og er það mjög áþekkt og var árið 2006. Að meðaltali voru 258 fastráðnir starfsmenn við störf á árinu, en voru 255 árið 2006. Aukning í ársverkum á milli árána 2007 og 2006 var um 2,5%. Fækkun varð í röðum hjúkrunar-

fræðinga hjá stofnuninni en nokkur fjölgun sjúkraliða eins og sjá má í töflum 15-17 hér að neðan.

Alls voru 15 starfsmenn í fæðingarorlofi á árinu og 20 starfsmenn áttu við lengri veikindi að stríða, allt frá 1 – 12 mánuðum. Einnig fóru 7 fastráðnir starfsmenn í lengri launalaus leyfi, allt frá 1 og upp í 9 1/2 mánuð.

Nafn stéttarfélags	Greidd ársverk að meðaltali á mánuði 2007	Greidd ársverk að meðaltali á mánuði 2006
Félag geislafræðinga	2,32	2,18
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	36,21	37,56
Félag lífeindafræðinga	3,66	3,58
félag matreiðslumanna		0,29
Iðjubjálfafélag Íslands	0,56	0,9
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	2,98	3,11
Landssamband slökkviliðs- & sjúkraflutningamanna	1,83	1,89
Ljósmeðrafélag Íslands	6,79	6,11
Læknafélag Íslands	19,53	16,82
Sálfræðingafélag Íslands	0,73	0,54
Sjúkraliðafélag Íslands	41,21	38,4
Starfsmannafélag Suðurnesja	35,87	35,45
Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði	0,30	0,38
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa	0,63	0,88
Stéttarfélag sjúkrapjálfa	1,92	1,96
Utan félag opinberir starfsmenn og kjaranefnd ýmsir	1,85	1,03
Útgarður, félag háskólamanna	0,15	0,98
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur	19,19	19,47
Verkalýðsfélag Grindavíkur	22,01	21,47
Samtals	197,74	192,99

Tafla 15: Greidd ársverk starfsmanna að meðaltali á mánuði eftir stéttarfélagi 2006 og 2007



Myndrit 69: Hlutfall greiddrar dagvinnu ársverka starfsmanna eftir stéttarfélagi árið 2007

<b>2007</b>	Nafn stéttarfélags	Fjöldi fastráðinna starfsmanna sem hættu 2007	Fjöldi fastráðinna starfsmanna 1.jan. 2007	Fjöldi fastráðinna starfsmanna 31.des.2007	Starfsmanna-velta	Starfsmenn í tímabundnum ráðningum
	Efning stéttarfélag					1
	Félag geislafræðinga	0,0	2,0	3,0	0,00%	3
	Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	9,0	47,0	47,0	19,15%	6
	Félag lífeindafræðinga	0,0	4,0	4,0	0,00%	
	Iðjupjálfafélag Íslands	2,0	2,0	0,0	200,00%	
	Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	0,0	3,0	3,0	0,00%	
	Landssamband slökkviliðs- & sjúkraflutningamanna	0,0	6,0	6,0	0,00%	1
	Ljósmeðrafélag Íslands	0,0	9,0	10,0	0,00%	
	Læknafélag Íslands	0,0	19,0	22,0	0,00%	36
	Sálfræðingafélag Íslands og stéttarf. íslenskra félagsráðgjafa	0,0	2,0	2,0	0,00%	1
	Sjúkraliðafélag Íslands	2,0	51,0	60,0	3,60%	11
	Starfsmannafélag Suðurnesja og félag matreiðslumanna	2,0	40,0	41,0	4,94%	15
	Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði	0,0	1,0	1,0	0,00%	
	Stéttarfélag sjúkrabjálfa	0,0	2,0	2,0	0,00%	2
	Utan félaga opinberir starfsmenn og útgarður félag háskólamenntaðra	1,0	4,0	3,0	28,57%	1
	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur	6,0	25,0	24,0	24,49%	7
	Verkalýðsfélag Grindavíkur	7,0	33,0	38,0	19,72%	17
	<b>Samtals</b>	<b>29,0</b>	<b>250,00</b>	<b>266,0</b>	<b>11,24%</b>	<b>101</b>

Tafla 16: Starfsmannavelta árið 2007

[Starfsmannavelta-útreikningur = Hættir á tímabili / (starfandi í upphaf tímabils + starfandi í lok tímabils/2)]

<b>2006</b>	Nafn stéttarfélags	Fjöldi fastráðinna starfsmanna sem hættu 2006	Fjöldi fastráðinna starfsmanna 1.jan. 2006	Fjöldi fastráðinna starfsmanna 31.des. 2006	Starfsmanna-velta	Starfsmenn í tímabundnum ráðningum
	Efning stéttarfélag					1
	Félag geislafræðinga		3,0	3,0	0,00%	3
	Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	5,0	52,0	51,0	9,71%	10
	Félag lífeindafræðinga		3,0	4,0	0,00%	
	Iðjupjálfafélag Íslands		2,0	2,0	0,00%	
	Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	1,0	3,0	3,0	33,33%	
	Landssamband slökkviliðs- & sjúkraflutningamanna		6,0	6,0	0,00%	
	Ljósmeðrafélag Íslands	1,0	10,0	9,0	10,53%	1
	Læknafélag Íslands	0,0	18,0	21,0	0,00%	23
	Sálfræðingafélag Íslands og stéttarf. íslenskra félagsráðgjafa	2,0	2,0	1,0	133,33%	
	Sjúkraliðafélag Íslands	3,0	50,0	50,0	6,00%	13
	Starfsmannafélag Suðurnesja og félag matreiðslumanna	8,0	44,0	40,0	19,05%	13
	Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði	1,0	2,0	1,0	66,67%	
	Stéttarfélag sjúkrabjálfa	0,0	2,0	2,0	0,00%	2
	Utan félaga opinberir starfsmenn og útgarður félag háskólamenntaðra	1,0	3,0	2,0	40,00%	1
	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur	8,0	27,0	26,0	30,19%	15
	Verkalýðsfélag Grindavíkur	5,0	32,0	30,0	16,13%	17
	<b>Samtals</b>	<b>35,0</b>	<b>259,00</b>	<b>251,0</b>	<b>13,73%</b>	<b>99</b>

Tafla 17: Starfsmannavelta árið 2006



# Ársreikningur 2007

## Rekstrarreikningur ársins 2007


<b>Tekjur</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>	
Seld sérfræðipjónusta.....	95.056.925	75.107.470	26,56%
Aðrar tekjur.....	43.146.085	41.821.945	3,17%
<b>Tekjur samtals</b>	<b>138.203.010</b>	<b>116.929.415</b>	<b>18,19%</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....	1.183.626.002	1.050.665.089	12,65%
Vörukaup almenn.....	59.737.601	55.276.609	8,07%
Vörukaup sérgreind.....	71.475.157	63.827.300	11,98%
Þjónusta I.....	146.675.931	129.704.185	13,08%
Þjónusta II.....	73.905.091	70.184.031	5,30%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>1.535.419.782</b>	<b>1.369.657.214</b>	<b>12,10%</b>
Eignakaup.....	8.888.022	7.420.234	19,78%
<b>Gjöld samtals</b>	<b>1.544.307.804</b>	<b>1.377.077.448</b>	<b>12,14%</b>
<b>Gjöld umfram tekjur án fjármagnsliða</b>	<b>(1.406.104.794)</b>	<b>(1.260.148.033)</b>	
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Fjármunatekjur .....	2.777.834	727.512	281,83%
Fjármunagjöld.....	(1.990.355)	(7.745.299)	-74,30%
	787.479	(7.017.787)	111,22%
<b>Tekjuafgangur(-halli) fyrir ríkisframlag</b>	<b>(1.405.317.315)</b>	<b>(1.267.165.820)</b>	<b>10,90%</b>
Ríkisframlag.....	1.389.900.000	1.392.986.012	-0,22%
<b>Tekjuafgangur(tekjuhalli) ársins</b>	<b>(15.417.315)</b>	<b>125.820.192</b>	<b>112,25%</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2007

<b>Eignir</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>
<b>Ríkissjóður</b>		
Inneign hjá ríkissjóði.....	0	19.875.891
<b>Veltufjármunir</b>		
Sjóðir og bankareikningar.....	4.074.609	2.459.631
Skuldunautar.....	25.795.581	9.562.883
Aðrar skammtímaskuldir.....	3.623.304	4.717.941
Vörubirgðir.....	9.339.118	7.783.306
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>42.832.612</b>	<b>24.523.761</b>
<b>Eignir Samtals</b>	<b>42.832.612</b>	<b>44.399.652</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll.....	(41.194.154)	(25.776.839)
Annað eigið fé:		
Framlag til eignarmyndunar.....	6.042.476	6.042.476
<b>Annað eigið fé samtals</b>	<b>6.042.476</b>	<b>6.042.476</b>
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>(35.151.678)</b>	<b>(19.734.363)</b>
<b>Ríkissjóður</b>		
Skuld við ríkissjóð .....	17.032.854	0
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Yfirdráttur á hlaupareikningi.....	0	1.836.827
Lánardrottinn.....	60.951.435	62.297.188
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>60.951.435</b>	<b>64.134.015</b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>77.984.289</b>	<b>64.134.015</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>42.832.612</b>	<b>44.399.652</b>

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2007

	2007	2006
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Niðurstaða ársins .....	(15.417.315)	125.820.192
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>(15.417.315)</b>	<b>125.820.192</b>
Breytingar á rekstrar		
Birgðir, lækkun .....	(1.555.812)	(763.143)
Skammtímakröfur, (hækkun) .....	(15.138.061)	5.623.113
Skammtímaskuldir, hækkun .....	(1.345.753)	(73.717.491)
	<b>(18.039.626)</b>	<b>(68.857.521)</b>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>	<b>(33.456.941)</b>	<b>56.962.671</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Breyting á stöðu við ríkissjóð		
Ríkisframlag .....	(1.389.900.000)	(1.392.986.012)
Greitt úr ríkissjóði .....	1.426.808.745	1.373.110.617
	<b>36.908.745</b>	<b>(19.875.395)</b>
<b>Hækkun á handbæru fé</b>	<b>3.451.804</b>	<b>37.087.276</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....	622.804	(36.464.472)
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>4.074.609</b>	<b>622.804</b>



Myndrit 70: Hlutfallsleg skipting gjalda árið 2007